



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2025
USK23080213

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 3. desember 2025 um eftirfarandi mál:

Friðlýsing Grafarvogs

Lagt fram bréf náttúruverndarstofnunar, dags. 4. nóvember 2025 vegna friðlýsingar Grafarvogs, friðlýsingarskilmálar, kort með afmörkun svæðisins og greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til ráðist verði í að færa út mörk þess verndarsvæðis, sem fyrirhugað er að friðlýsa í Grafarvogi, í samræmi við tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá 20. júní 2023. Samkvæmt umræddri tillögu ráðuneytisins myndi verndarsvæðið fylgja göngustíg í norðanverðum Grafarvogi en teygja sig jafnframt inn á skógræktarsvæði við Funaborg. Þaðan fylgdu mörkin göngustíg í átt að Stórhöfða en síðan lóðamörkum meðfram götunni til og með Stórhöfða 45. Þaðan með Stórhöfða að Grafarlæk, síðan meðfram læknum (50-100 metra), og síðan með göngustíg.

Málsmeðferðartillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði með málferðartillögunni. Fulltrúi Framsóknarflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Upphafleg tillaga er samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Við hörmum að fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalista og Vinstri grænna kjósi að fella tillögu Sjálfstæðisflokksins um að rýmka mörk þess verndarsvæðis, sem fyrirhugað er að friðlýsa í Grafarvogi. Í fyrirliggjandi tillögu vinstri meirihlutans er miðað við mun þrengri mörk. Um er að ræða afar stórt skipulagsmál, sem snertir íbúa í Grafarvogi og nærliggjandi hverfum enda er vogurinn afar vinsælt útivistarsvæði. Þessi afstaða meirihlutans gengur í berhögg við afstöðu Íbúaráðs Grafarvogs, Íbúasamtaka Grafarvogs sem og afstöðu flestra þeirra Grafarvogsbúa, sem hafa tjáð sig um málið. Afgreiðsla málsins sýnir að háleitar yfirlýsingar vinstri flokkanna um umhverfisvernd og íbúasamráð eru innantómar og merkingarlausar.

Lögð fram svohljóðandi gagnbókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna:



Reykjavík



Því ber að halda til haga að markmiðum um náttúruvernd í Grafarvogi er náð með tillögunni eins og hún var til afgreiðslu. Halda skal til haga að Náttúrufræðistofnun mælir ekki með því að svæðið væri stækkað með þeim hætti sem hér var lagt til.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:

Framsókn fagnar því að nú sé búið að afgreiða friðlýsingu Grafarvogs. Mikilvægt er að þessum áfanga er lokið til að vernda voginn sem er stórt varpsvæði fugla sem og vinsælt útivistarsvæði. Einnig mun friðlýsingin koma til með að eyða óvissu um framtíðar uppbyggingu í nálægð við voginn.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: bréf náttúruverndarstofnunar, dags. 4. nóvember 2025 friðlýsingarskilmálar, kort með afmörkun svæðisins og greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma, bréf Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 13. júní 2023, umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. desember 2023 og innsendir tölvupóstar.



Reykjavík



Reykjavík

Umhverfis- og skipulagsráð

Umhverfis- og
skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 28. nóv. 2025

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111

Friðlýsing Grafarvogs USK23080213

Vísað er í bréf Náttúruverndarstofnunar dags. 4. nóv. 2025 varðandi friðlýsingu Grafarvogs ásamt friðlýsingarskilmálum, korti með afmörkun svæðisins og greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma.

Lagt er til við umhverfis- og skipulagsráð að samþykkja tillöguna fyrir sitt leyti og vísa tillögunni til borgarráðs vísan í 38. gr.laga um náttúruvernd 60/2013 þar sem segir að ráðherra sé heimilt að ákveða friðlýsingu svæða með samþykki landeigenda og viðkomandi sveitarfélags.

Virðingarfyllst,

Þórólfur Jónsson

deildarstjóri náttúru og garða

Reykjavíkurborg
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Akureyri, þriðjudagur, 4. nóvember 2025
202507-0011/D.Ö.H.
09.03

Efni: Friðlýsing - Grafarvogur

Samstarfshópur sem samanstendur af fulltrúum Reykjavíkurborgar og Náttúruverndarstofnunar hafa unnið að undirbúningi friðlýsingar Grafarvogs. Í kjölfar opinberrar kynningar eru lokadrög friðlýsingar nú lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar.

Friðlýsingin byggir á 38. gr. laga 60/2013 en í 2. mgr. kemur fram að „ráðherra sé heimilt að ákveða friðlýsingu svæða með samþykki landeigenda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun“. Grafarvogur var hluti stærra svæðis í tillögum Náttúrufræðistofnunar til B-hluta náttúruminjaskrár. Grafarvogur hefur hátt verndargildi sem felst einkum í leirum sem eru mikilvægur viðkomustaður farfugla. Ríkulegt dýralíf í og við leirurnar hefur mikla sérstöðu í borgarlandinu. Vernd þess veitir mikla möguleika til útivistar og fræðslu enda er það meðal markmiða friðlýsingar, því auk þess að vernda náttúrufar styrkir verndunin útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi á svæðinu.

Samþykki Reykjavíkurborg friðlýsingu Grafarvogs fyrir sitt leyti verður friðlýsingunni vísað til ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála til staðfestingar.

Með bréfi þessu fylgja gögn málsins, þ.e. friðlýsingarskilmálar, kort með afmörkun svæðisins og greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma.

Fyrir hönd samstarfshóps,

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur



M Loftmyndir ehf

 **Náttúruverndar
stofnun**

Grafarvogur

 **Mörk friðlands**

Flatarmál: 0.5 km ²
Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Náttúruverndarstofnun, dags. 3. nóvember 2025

AUGLÝSING

um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið, að tillögu Náttúruverndarstofnunar og með samþykki Reykjavíkurborgar, að friðlýsa Grafarvog, innan Gullinbrúar, sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun hefur metið verndargildi hins friðlýsta svæðis, sem liggur innan Reykjavíkur. Grafarvogur hefur hátt verndargildi sem felst einkum í leirum sem eru mikilvægur viðkomustaður farfugla. Þá er umhverfi Grafarvogs vinsælt útivistarsvæði.

Grafarvogur í heild sinni flokkast sem leirulón, en þau einkennast af tiltölulega víðáttumiklum leirum sem þorna upp að mestu þegar lágsjávað er. Sjávarföll eru gjarnan mikil og dýpi lítið. Grunnir árfarvegir og álar eru þó undir ferskvatni á fjöru en fyllast af sjó á flóði. Það á við um Grafarvoginn þar sem Grafarlækur fellur í austurbotn vogarins sem og ónefndur lækur í suðausturhluta vogsins. Á háfjöru eru árfarvegirnir vel sýnilegir langt vestur með voginum. Við botn Grafarvogs finnst plantan Sandlæðingur, sem er mjög sjaldgæf á Íslandi, er á valista sem planta í nokkurri hættu og friðuð skv. auglýsingu nr. 1385/2021.

Friðlýsingin samræmist markmiði 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum.

Við ákvörðun um friðlýsingu var m.a. höfð hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978) og rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993).

Hið friðlýsta svæði er 0,5 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingar svæðisins er að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand gróðurs, mikilvægs búsvæðis fugla og sjávarhryggleysingja auk líffræðilegrar fjölbreytni þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Friðlýsingin miðar einnig að því að styrkja útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu í viðauka I en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Náttúruverndarstofnun. Friðlýsingin nær til landsvæðis og sjávarsvæðis, þ.m.t. fjöru, hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

4. gr.

Umsjón með friðlandinu.

Náttúruverndarstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeigendur og Reykjavíkurborg að gera umsjónarsamning um friðlandið, sbr. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nánar skal fjallað um umsjón friðlandsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúruverndarstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Náttúrufræðistofnun og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um umsjón svæðisins, verndaraðgerðir, aðgerðir til að bregðast við framandi og/eða ágengum tegundum, rannsóknir og vöktun, fræðslu, landnotkun, fráveitu, nytjar, umferð um svæðið, þ.m.t. umferð ríðandi, hjólandi, umferð vatnatækja og notkun dróna sem og aðgengi gesta, þar með talið aðgengi fólks með fötlun.

Heimilt er að setja sérstakar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Umferð um friðlandið.

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim reglum sem gilda innan þess. Forðast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða. Gestir skulu ætíð sýna aðgát gagnvart dýralífi og náttúrufari á svæðinu. Sérstakrar aðgátar er þörf á far- og varptíma fugla.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Notkun vélknúinna vatnatækja (s.s. sjókatta, sæpota o.þ.h.) er óheimil innan friðlandsins, nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar, að undanskildum leitar- og björgunaraðgerðum.

Hundar skulu hafðir í taumi innan friðlandsins, að undanskildum leitar og björgunarhundum að störfum. Þess skal gætt að hundar og önnur gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi gestum ónæði. Umráðamönnum er skylt að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Flug ómannaðra loftfara (dróna) er óheimilt í friðlandinu á far- og varptíma fugla, nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Undanskilin er notkun ómannaðra loftfara vegna almannahagsmuna og leitar- og björgunaraðgerða. Að öðru leyti skal farið með notkun ómannaðra loftfara samkvæmt reglugerð nr. 1360/2024 um starfrækslu ómannaðra loftfara og ómönnuð loftfarskerfi.

Far- og varptími fugla skal skilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

Nánar skal fjallað um umferð, m.a. umferð gangandi, ríðandi, hjólandi, akandi og umferð um vötn, í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Umgengni um friðlandið.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Náttúruverndarstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Náttúruverndarstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar, lögbundnar rannsóknir fagstofnana og viðkomandi Heilbrigðiseftirlits sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Fræðsla.

Náttúruverndarstofnun, í samráði við Reykjavíkurborg, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi, sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

10. gr.

Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja.

Vernda skal lífríki friðlandsins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi.

Óheimilt er að trufla dýralíf og/eða raska gróðri af ásetningi, hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi og/eða ágengar lífverur í friðlandinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þess, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Eldi sjávardýra innan friðlandsins er óheimilt.

Unnið skal að því, eftir því sem kostur er, að fjarlægja framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn á svæðið eða berast inn á það og ógnað geta innlendum vistkerfum, búsvæðum eða tegundum friðlandsins.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi, sbr. 12. gr.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs, fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi og/eða ágengra tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Verndun menningarminja.

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, Reykjavíkurborgar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki sem og leyfi landeigenda. Mat á áhrifum athafna og framkvæmda á verndargildi skal vinna í samráði við Náttúruverndarstofnun. Framkvæmdir kunna einnig að vera háðar leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 11. gr.

Heimilt er að halda við samgöngumannvirkjum, s.s. vegum innan veghelgunarsvæða, án þess að leita þurfi leyfis Náttúruverndarstofnunar svo fremi sem viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki, nr. 160/2010 og eftir atvikum vegalög, nr. 80/2007. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar og að þær stuðli að verndun friðlandsins.

Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð þ.m.t. fráveitur og viðhald þeirra í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Veiði, nýting hlunninda og notkun skotvopna.

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Þó er heimilt að veiða mink í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Náttúruverndarstofnun. Náttúruverndarstofnun, í samráði við viðkomandi sveitarfélag, er heimilt að veita leyfi til veiða framandi ágengra tegunda í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Veiði og notkun skotvopna skal ávallt vera í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnvaldsfyrirmæli.

Nánar skal fjallað um veiði og notkun skotvopna, í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Viðurlög

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík xx.xx.xxxx

Staður, dagsetning

Jóhann Páll Jóhannsson

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið liggur fyrir er varptími fugla skilgreindur frá 1. maí til 31. júlí og fartími fugla að vori skilgreindur frá 1. apríl til 1. júní og að hausti frá 20. ágúst til 20. október, sbr. 5. og 6. mgr. 6. gr.



Grafarvogur

Október 2025

Athugasemdir og ábendingar

Skotvís

Við viljum vekja athygli á misræmi milli 6. greinar og 10. greinar.

Annarsvegar er almenningi heimil för með aðgát fyrir dýralíf og hinsvegar er almennt óheimilt að trufla dýralíf. Hvort er það sem gildir?

Dýralíf er ekki skilgreint hugtak í íslensku en í líffræði er hugtakið almennt notað um allt líf - nema plöntur. Eru þar með talin skordýr, örverur og annað smálegt.

Hvað eruð þið að meina með hugtakinu dýralíf?

Svar samstarfshóps

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er notast við hugtakið dýralíf þó það sé ekki nánar skilgreint. Í 26. tl. 5. gr. en hugtakið dýralíf notað til aðgreiningar á gróðurfari, jarðvegi og loftslagi. Í friðlýsingunni verður notast við hugtakið dýralíf í sama tilgangi, þ.e. til aðgreiningar frá öðrum náttúrupáttum en átt er við spendýr, fugla, sjávardýr og hryggleysingja.

Í friðlýsingum hefur komið fram að óheimilt sé að trufla dýralíf “af ásetningi” en það orðalag vantar í friðlýsingatillögu fyrir Grafarvog. Verður orðunum bætt inn í 10. gr. friðlýsingarskilmála.

Jafnframt verður vakið máls á því að æskilegt er að skilgreina hugtakið dýralíf í löggjöfinni.

Katrín Þorsteinsdóttir

Fagnar því að vogurinn og fjaran verði vernduð.

Leirurnar þarna eru uppspretta og matarkista fyrir alla fugla og margir verpa líka í nágrenninu stutt frá fjörunni. Það þarf að vernda bæði fjöruna alveg upp að göngustígnum og líka lækinn sem fellur í botni vogsins. Þarna eru líka minjar um gamlan sumarbústað þar sem eru flísar sem voru afgangsfلیسار frá Kexversmiðjunni Frón en eigandinn átti einmitt bústað sem stendur þarna og er þetta eina sem stendur eftir. Allt þar i kring er fallegur trjágróður og tré sem var plantað kringum bústaðinn orðin stór og há núna.

Verndum fjöruna og allt nágrennið fyrir komandi kynslóðir þetta er einstakur staður og einstök náttúra sem ber að varðveita.

Svar samstarfshóps

Möguleikar á frekari vernd á svæðinu hefur verið skoðuð, m.a. í samtali við Minjastofnun. Að svo stöddu mun friðlýsingin ekki taka til frekara svæðis en Grafarvogar, fjörunnar og bakkans upp af fjörunni sbr. meðfylgjandi afmörkun.

Borgarminjavörður og Minjastofnun eru meðvituð um hinar ríkulegu minjar innan svæðisins.

Varðandi Grafarlæk skal tekið fram að bakkagróður nýtur sérstakrar verndar skv. 62. gr. laga nr. 60/2013 auk þess sem svæðið er skilgreint sem hverfisverndarsvæði af Reykjavíkurborg

Því skal einnig haldið til haga að vitneskja er um jökulminjar á svæðinu, sem einnig hafa hátt verndargildi en falla utan þess svæðis sem nú er lagt til að verði friðlýst í þágu lífríkis.

Vegagerðin

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar eftirfarandi gögn varðandi friðlýsinga Grafarvogs: drög að friðlýsingarskilmálum og tillögu að mörkum friðlands.

Vegagerðin hefur rýnt tillöguna með hliðsjón af lögbundnu hlutverki stofnunarinnar að tryggja greiðar og öruggar samgöngur á sjó og landi.

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur.

Fiskistofa

Fiskistofa fékk boð um að veita umsögn vegna áforma um friðlýsingu Grafarvogs.

Fiskistofa gerir enga athugasemd við kynnt áform.

Svar samstarfshóps

Vegagerðinni er þakkað fyrir yfirferðina.

Svar samstarfshóps

Fiskistofu er þakkað fyrir yfirferðina.

Andres Colodrero

Friðlýsingu er fagnað en bent er á að vandamál sé uppi um slæma lykt úr frárennislögnum norðan við Grafarvog í byggðinni sem þar er, kemísk lykt sem líkist terpentínu. Jafnframt hefur umsagnaraðili orðið var við lyktina sunnan vogarins í iðnaðarhverfinu sem þar er.

Svar samstarfshóps

Andres er þakkað fyrir ábendingarnar.

Athugasemdinni var umsvifalaust vísað til borgarinnar. Málinu var vísað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og er vísað í umsögn þeirra síðar í þessari greinargerð.

Magnus Göransson – Náttúrufræðistofnun

Árið 2023 fundu plöntufræðingar tegundina sandlæðing (*Lysimachia maritima*) innst við vögginn. Árið 2025 var aftur farin skoðunarferð og fannst plantan þá í umtalsverðu magni.

Svar samstarfshóps

Magnus er þakkað fyrir ábendinguna. Tekið verður tillit til hennar.

Bætt var inn umfjöllun um sandlæðing í 1. gr. auk þess að bæta gróðri inn í verndargildi Grafarvogar.

Minjastofnun

Fyrir liggur fornleifaskráning Borgarhluti 8 - Grafarvogur - Minjar og saga, sem unnin var af Árbæjarsafni árid 1998. Mörk skráningarsvæðis í þeirri skýrslu ná inn a norður og austurhluta þess svæðis sem friðlýsingartillagan tekur til. Fornleifaskráning þessi samræmist ekki núgildandi kröfum sem Minjastofnun gerir um fornleifaskráningu. Athygli er vakin a að innan friðlýsingarsvæðisins eru fornleifar. Allar fornleifar eru friðaðar sbr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Minjastofnun fagnar friðlýsingaráformum og gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Jafnframt hvetur stofnunin til þess að unnin verði fornleifaskráning fyrir friðlýsingarsvæðið til þess að fá megi yfirsýn yfir fornleifar á svæðinu. Mikilvægt er að tekið sé tillit til minja við uppbyggingu innan svæðisins í samræmi við lög um menningarminjar.

Svar samstarfshóps

Minjastofnun er þakkað fyrir og ábendingu varðandi minjaskráningu er komið á framfæri.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER)

HER vill benda á að mengun er að berast í veginn með ofanvatni sem leitt er til sjávar neðan Stórhöfða, annars vegar milli Stórhöfða 31 og 33 og hinsvegar fyrir neðan Stórhöfða 17. Einnig hefur orðið vart við mengun vegna ofanvatns sem rennur í Grafarvogslæk sem rennur til sjávar í botni vogsins. Mengun stafar bæði af rangtenginum þar sem fráveituvatn sem hefði átt að vera leitt í skólp er þess í stað veitt inn á regnvatnslagnir en einnig vegna athafna fyrirtækja inna lóða og plana þar sem verið er að skola búnað, hella niður efnum og þvo bifreiðar. Einnig hefur verið staðfestar rangtengingar húsa í íbúðarbyggðinni í Grafarvogshverfi sem leiðir til þess að skólpmengað vatn rennur til sjávar um ofanvatnsrásir þeim megin í veginum.

HER hefur farið í umfangsmikla vinnu síðustu áratugi við á uppræta rangtengingar og koma í veg fyrir ofanvatnsmengun en þar sem stór athafnasvæði í Hálsa- og Höfðahverfi er tengd inn á regnvatnskerfið er erfitt að rekja uppruna mengunar og koma algerlega í veg fyrir hana. Eins er erfitt að rekja rangtengingar skólps, bæði í íbúðarbyggð og á athafnasvæðum.

HER Framhald

Fyrir liggur að setja þurfi settjörn eða settjarnir til þess að auka hreinsun ofanvatns eða leita annarra fullnægjandi leiða til að koma í veg fyrir mengun. Frá apríl til október ár hvert tekur HER gerlasýni mánaðarlega í veginum. Niðurstöður hafa staðfest að saurgerlamengun er þar til staðar.

Ljóst er vegna þessara áskoranna er nauðsynlegt að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið taki sérstaklega á þörfinni á frekari hreinsun ofanvatns auk vöktunar og rannsókna á áhrifum ofanvatnsmengunar á lífríki vogsins.

Svar samstarfshóps

Náttúruverndarstofnun telur óæskilegt að settjörn verði innan marka friðlands. Ef ekki mun liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun sem fjallar um tengingu settjarna inn í friðlandið verður framkvæmdin háð leyfi

Náttúruverndarstofnunar.

Mikilvægt er að áhrif settjarna utan friðlandsins verði skoðuð við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar.

Náttúrufræðistofnun

Náttúrufræðistofnun vill lýsa yfir ánægju með að friðlýsing Grafarvogs sé nú í sjónmáli og eru mörk friðlýsingarinnar í góðu samræmi við ráðleggingar stofnunarinnar í fyrri umsögnum um málið. Grafarvogur er einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla innan höfuðborgarsvæðins og er þar fjölbreytt fuglalíf árið um kring. Því skiptir miklu máli að tryggja verndun svæðisins til framtíðar, einkum í ljósi áframhaldandi uppbyggingar í nágrenni þess.

Náttúrufræðistofnun setti fram ábendingar og smávægilegar breytingatillögur um fimm greinar friðlýsingar.

1. gr.: Bæta við verndargildi vegna sandlæðings.
2. gr.: Tillaga um breytt orðalag
6. gr.: Svæðið er einkum mikilvægt á fartíma fugla og því æskilegt að tiltaka að sérstakrar aðgátar sé þörf á far- og varptíma í stað þess að tala eingöngu um varptíma.
8. gr.: Vegna nálægðar við íbúða- og iðnaðarsvæði mætti einnig koma inn á vöktun vegna mögulegrar mengunar sem gæti borist í veginn.
9. gr.: bent á innsláttarvillu.

Svar samstarfshóps

Náttúruverndarstofnun þakka fyrir ábendingar Náttúrufræðistofnunar og lagfærir friðlýsingarskilmála til samræmis.

Þorsteinn Jóhannsson

Undirritaður lýsir yfir ánægju með löngu tímabæra friðlýsingu Grafarvogs.

Hins vegar geri ég athugasemdir við hversu þröngt sjónarhorn friðlýsingarinnar er og ég tel ástæðu til að friðlýsingin nái yfir stærra svæði taki til fleiri þátta en eingöngu smáðýralífs og fuglalífs í voginum sjálfum. Það er margvísleg rök sem hníga að því að friðlýsa stærra svæði með tilvísun til fleiri náttúrufarsþátta eins og t.d. jökulmenja og menningarminja.

Þar má fyrst nefna Grafarlækinn sjálfan. Hann er líklega eini lækurinn sem eftir er innan byggðar í allri borginni en á síðustu rúmlega hundrað árum hafa flestir lækir sem stóðu undir nafni innan Reykjavíkur horfið af yfirborðinu og verið veitt í lagnir undir yfirborðinu. Full ástæða er til að friða lækinn sjálfan og næsta nágrenni hans alveg upp að Vesturlandsvegi. Æskilegt væri að friðlýsta svæðið næði a.m.k. 10 metrum norður fyrir lækinn og einnig að göngustígnum sunnan við lækinn.

Einnig væri æskilegt að friðlýsa allt það svæði þar sem er að finna jökulmenjar.

Merkilegasta náttúrsmíðin á svæðinu er jökulgarðurinn, eða réttara sagt syrpa af jökulgörðum sem eru á svæðinu. Þetta eru einu jökulgarðarnir í öllu borgarlandinu og sem slíkir hafa þeir mikið fræðslugildi.

Stærsti og greinilegasti jökulgarðurinn liggur um 500 metrum austan við botn Grafarvogsins. Á þeim garði eru m.a. heimagrafreitur og bæjarrústir.

Annar jökulgarður liggur um 200 m vestan við þann garð sem er greinilegastur. Sá garður er reyndar alls ekki eins greinilegur og er í dag í raun illgreinanlegur vegna gróðurs. Báðir þessir jökulgarðar eru merktir inn á jarðfræðikort.

Þorsteinn Framhald

En færa má sterk rök fyrir því að á svæðinu sé einnig þriðji jökulgarðurinn, eða alla vega leifar af jökulgarði. Hann er í Grafarvoginum sjálfum og flæðir yfir hann á flóði. Sá jökulgarður er þó ekki merktur inn á nein jarðfræðikort en hann er hluti af þeim garði sem kallaður er Króargarður. Í öllum heimildum er talað um Króargarð sem manngerðann garð og að hann hafi verið hlaðinn um 1870 vegna laxveiða. Einhver hluti Króargarðs er greinileg manngerður, í það minnsta báðir endar hans sem næst eru land. En miðhluti garðsins, sá hluti sem er breiðastur og hæstur, er mjög líklega leyfar af jökulgarði. Þessi hluti hans er það breiður og það stórgrýttur að það er útilokað að hann geti verið mannvirki frá 1870, byggt fyrir tíma vélvæðingar í jarðvinnu hér á landi. Sjá mynd neðar.

Þessi garður er reyndar innan þess svæðis sem núverandi tillaga afmarkar en ég tel rétt að vekja athygli á að hluti Króargarðs er mjög líklega leifar af jökulgarði.

Svar samstarfshóps

Þakkar fyrir ábendingar um jökulgarða. Skoðað hefur verið hvort víkka ætti út friðlýsinguna en umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar felldi tillögu að stækkun friðlýsta svæðisins á fundi þann 9. apríl 2025. Ákvörðunin kemur ekki í veg fyrir stækkun síðar ef samstaða verður um það. Samtal verður tekið við borgina um með hvaða hætti verður hægt að vernda jökulgarðana.

Ásta Þorleifsdóttir

Ég vil fyrst þakka að það skref skuli stigið að friðlýsa Grafarvog. Vogurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir fugla- og smádýralíf í Reykjavík og hefur stöðu sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði sem viðkomustaður farfugla.

Í Grafarvogi eru einnig mikilvægar ísaldarminjar, þar á meðal eini jökulgarðurinn í Reykjavík, sem nauðsynlegt er að varðveita. Afar sérkennilegt að hans sé ekki getið í umhverfismatinu. Þessum mikilvægu jarðminjum hefur einu sinni verið raskað vegna vanþekkingar þegar göngustígur var lagður við enda garðsins og var farið í framkvæmdir til þess að lagfæra skemmdirnar. Þess vegna er furðulegt að hans sé ekki getið í umhverfismatinu. Innst í vöginum eru merkilegar menningarminjar þ.e. leifar laxakista / síldargildirur. Þær ber skýlaust að vernda.

Aðstæður í vöginum á fjöru eru þær að hann tæmist af sjó og leirur andar frá sér lífrænum rokgjörnum efnum sem að margra mati lykta illa. Lífrænu leifarnar í leirunni laða líka að sér urmúl af smáum flugum. hugmyndir um að nýta innsta hluta vogsins til baða eru mjög fjarri því að vera raunhæfar í, auk þess sem slíkt myndi einnig draga verulega úr verndargildi vogsins.

Ásta Framhald

Athygli vekur að ströndin sjálf sé ekki tekin með í friðlýsingunni en til þess að vernda þetta mikilvæga svæði ættu einhverjir tugir metra að vera friðlýstir meðfram Grafarvogi - en svo undarlega vill til að manngerð uppfylling við brúarstólpa er með en ekki mikilvægir bakkar umhverfis vögin.

Lagt er til að friðlýsta svæðið verði stækkað að göngustígnum að norðan og austanverðu sem og til suðurs. Þá verði í friðlýsingu Grafarvogslækurinn og bakkar hans upp a Vesturlandsvegi, Tryggt verði að jökulgarðinum verði ekki raskað. Loks að verði Leitast við að halda í gróðurvinina í Brekku og hún nýtt sem garður fyrir í framtíðar íbúa svæðisins.

Svar samstarfshóps

Líkt og fram kemur í svari á bls. 9 þá munu jökulgarðar ekki verða innan friðlýsta svæðisins að svo stöddu. Samtal við Reykjavíkurborg verður fram haldið.

Afmörkun svæðisins tekur yfir ströndina í Grafarvogi sbr. kort sem var til kynningar og sjá má á síðu 11. Afmörkun er víðast að göngustíg.



M Loftmyndir ehf

 Náttúruverndar
stofnun

Grafarvogur

 Tillaga að mörkum friðlands

Flatarmál: 0.5 km²
Kortavörpun: Lambert kúlvörpun
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Náttúruverndarstofnun, dags. 5. júní 2025

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. júní 2023
Málsnúmer: 202306-0017
SS

Efni: Umsögn um fyrirhugaða friðlýsingu í Grafarvogi.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu, dags. 8. júní 2023, þar sem óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun veiti umsögn um mögulega stækkun á afmörkun áformaðs friðlýsts svæðis í Grafarvogi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Umhverfisstofnunar um áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar þann 10. ágúst 2021 og vann einnig samantekt fyrir Umhverfisstofnun um verndargildi svæðisins þann 18. október 2021.

Í umsögninni um áformin kemur fram að Náttúrufræðistofnun telur að betra hefði verið ef friðlýsingaráformin hefðu náð yfir allt það svæði sem stofnunin tilnefndi fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, og er þar vísað í svæðið vestan Gullinbrúar í mynni Elliðavogs.

Í greinargerðinni um verndargildið var fyrst og fremst fjallað um það svæði sem fellur innan þeirra marka sem Umhverfisstofnun hafði skilgreint, sem er fyrst og fremst Grafarvogurinn sjálfur og þær fjöruvistgerðir og búsvæði fugla sem þar er að finna. Þó koma fram í greinargerðinni eftirfarandi atriði um náttúrufar utan afmörkunarinnar:

„Ofan fjöru utan marka áætlaðrar friðlýsingar má finna ýmsar þurrlendisvistgerðir. Ríkjandi eru ræktaður skógur og graslendisvistir t.d. snarrótar- og grasmóavist en á köflum má finna lyngmóavist. Áhrif frá ræktuðum gróðri eru mikil bæði skógræktarsvæðum og gördum í einkaeigu, mikið er um alls konar plöntuslæðinga sem sumir vaxa niður að fjörumörkum. Framandi ágengar tegundir eins og alaskalúpína, skógarkerfill og húnakló (*Heracleum spondylium*) finnast í þessum gróðurlendum næst Grafarvöginum. Sjaldgæf plöntutegund, hjartapuntur (*Briza media*) vex meðfram Grafarlæk í nokkrum mæli.”

Ekki er því hægt að segja að verndargildi gróðurfars í næsta nágrenni Grafarvogs sé sérstaklega hátt með þeirri undantekningu sem er vaxtarsvæði hjartapunts við Grafarlækinn. Sú tegund er þó talinn vera innfluttur slæðingur þótt uppruni hennar sé ekki þekktur, og þrátt fyrir að vera mjög sjaldgæf, er ekki skráð á válista né er friðuð. Það er þó ástæða til að viðhalda þessum vaxtarstað.

Verndargildi ræktaðs gróðurs svo sem trjálundarins norðvestan við Grafarvoginn byggist að stórum hluta á öðrum viðmiðum en stuðst er við þegar lagt er mat á verndargildi villtra plantna eða vistgerða s.s. sögulegt gildi, útivistargildi, gildi fyrir lífríki þéttbýlisins o.s.frv. Eðlilegt er að slíkt sé skoðað þegar kemur að skipulagi friðlýsingar, einkum ef um fólkvanga er að ræða. Svæðið er auðvitað mikið notað til útivistar í dag sem fer að mestu vel við markmið um friðlýsingu Grafarvogsins.



Lífriki Grafarvogs stafar ekki ógn af þessum ræktaða gróðri eins og staðan er í dag en þó geta einstakar ræktaðar tegundir dreift sér niður að fjöruborði og mögulega valdið raski á fjöruvistgerðum og því þarf að fylgjast með. Trjátegundir eru ólíklegar til að vera þar á meðal en mögulega einhverjar fjölærar plöntur sem ræktaðar eru í gördum.

Náttúrufræðistofnun telur skynsamlegt að skilgreina jaðar á friðlýsta svæðinu fyrir Grafarvog þ.e.a.s. í kringum fjöru- og strandsvæði. Tillaga um að víkka mörk upp að göngustíg sem liggur kringum veginn er því skynsamleg að mati Náttúrufræðistofnunar. Það gefur einnig tilefni til að vakta betur hvernig gróðurfar á þessu jaðarsvæði breytist og meta þörfina á aðgerðum t.d. gegn ágengum plöntutegundum.

Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu út frá hagsmunum verndargildis náttúruminja að víkka afmörkunina út fyrir göngustíginn en leggst ekki gegn því enda tiltölulega þægilegt að tilgreina slíka afmörkun í vestri, suðri og norðri. Í austurátt getur það reynst snúnara enda stórt opið svæði þar sem í dag eru m.a. ræktuð tún, leifar af ræktuðum trjálundum og blönduð gróðursvæði s.s. umhverfi Grafarlæks. Hvort og hversu mikið af því svæði eigi erindi inn á friðlýsta svæðið á Náttúrufræðistofnun erfitt með að leggja mat á enda verndargildi náttúrufars líklega ekki veigamesti þátturinn þegar kemur að því að meta hlutverk svæðisins heldur t.d.. núverandi notkun, skipulagsstaða, sögulegt gildi, útivistargildi o.s.f.rv. Óneitanlega eykur það gæði umhverfis að viðhalda gróðurþekju og rými á sem stærstu svæði kringum Grafarvog og það myndi því styrkja verndarmarkmið friðlýsingarinnar, en hvort það krefjist þess að svæðið sé hluti af friðlýsingunni tekur Náttúrufræðistofnun ekki afstöðu til.

Eins og áður segir væri það helst umhverfi Grafarlæks þar sem verndargildissjónarmið vega hvað þyngst og skoða mætti að fella að hluta til inn í friðlýsta svæðið. Bæði vegna gróðurfars en ekki síst því Grafarlækur er einnig mikilvægur fyrir lífríki Grafarvogs því hann er stærsta inntak ferskvatns í veginn og býr til aðstæður í vöginum sem eru mikilvægar fyrir lífríki, ekki síst fuglalíf.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík 7. des. 2023
USK23080213

Friðlýsing Grafarvogs, tillaga að stækkun friðlýsingar_umsögn.

Vísað er í fund umhverfis- og skipulagsráðs 29. nóv. 2023 þar sem lagt var fram erindi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um tillögu að stækkun svæðis í Grafarvogi sem falla ætti undir friðlýsingu Grafarvogs, dags. 20. júní 2023. Erindinu var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Grafarvogur er á B-hluta náttúruminjaskrár sem einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt var að óska eftir við Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið sbr. bréf dags. 9. mars 2021 að hafið yrði formlegt samtal um friðlýsingu þriggja fjörusvæða í Reykjavík þ.e. Blikastaðakró, Grafarvog og þangfjörusvæði í Skerjafirði. Samstarfshópur var skipaður um vinnuna og undirbúningur hafinn fyrir Blikastaðakró og Grafarvog. Friðlýsingu er þegar lokið á Blikastaðakró ásamt Leiruvogi.

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/grafarvogur-innan-gullinbruar/>

Markmið með friðlýsingu Grafarvogs.

Að vernda mikilvægar fjöruvistgerðir og búsvæði fugla en Grafarvogur er einn af fáum óspilltum leirusvæðum innan borgarmarkana og er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfuglategunda t.d. rauðbrystings, sanderlu, lóuþræls, heiðlóu, jaðrakans o.fl.. Grafarvogur er einnig mikilvægur fæðuöflunarstaður fugla allt árið um kring og þar sjást alla jafna margar fuglategundir. Vogurinn er hjartað af vinsælu útivistarsvæði og fá svæði í borginni eru eins aðgengileg fyrir náttúruupplifun og til að stunda fuglaskoðun.

Svæðið innan Gullinbrúar er hverfisverndað en í greinargerð borgarinnar vegna áformaðra friðlýsinga er ekki gert ráð fyrir að mörkin nái eins langt inn á land eins og hverfisverndin gerir.


Sjá hér að neðan núverandi hverfisverndarmörk í Grafarvogi.





Í greinargerð borgarinnar var talið að það hentaði betur friðlýsingu að styðjast við afmörkun í tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir B-hluta náttúruminjaskrár (sem reyndar inniheldur einnig mynni Elliðavogs sem ekki er hluti af þessum áformum).

Sjá hér að neðan skjáskot úr kortasjá Náttúrufræðistofnunar.



<https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=359065.6779%2C403636.9%2C366692.3078%2C409279.1509%2C3057>

Tillaga ráðuneytisins um stækkun verndarsvæðisins.

Í tillögu ráðuneytisins er lagt til að stækka verndarsvæðið upp að byggðinni en ekki síst upp með Grafarlæknum. Þá muni friðlýsingin ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu sem auki útivistar- og fræðslugildi svæðisins. Lagðar eru til tvær mismunandi sviðsmyndir, annars vegar að allt svæðið verði friðland og hins vegar að halda sig við tillögu Umhverfisstofnunar en viðbótarsvæðið upp með Grafarlæknum verði fólkvangur.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um stækkunar tillögu ráðuneytisins kemur fram að stofnunin telji skynsamlegt að skilgreina jaðar á friðlýsta svæðinu í Grafarvogi, þ.e.a.s. kringum fjöru- og strandsvæðið en telji ekki ástæðu út frá hagsmunum verndargildis náttúruminja að víkka afmörkunina út fyrir göngustíginn.

Í yfirliti yfir minjar sem Minjastofnun hefur tekið saman kemur fram að nánast allar þekktar minjar á svæðinu myndu lenda innan áformaðrar friðlýsingar samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar.

Umsögn.

Markmiðið með áformaðri friðlýsingu Grafarvogs er fyrst og fremst að vernda búsvæði fugla, mikilvægar leirur og fjöruvistgerðir sem er skýrt afmörkuð heild. Umhverfi Grafarlækjar hefur auðvitað líka mikið gildi, bæði vegna náttúruminja og til útivistar, eins og fram kemur í tillögu ráðuneytisins. Það er að vissu leyti tekið undir það sjónarmið í seinni sviðsmyndinni, í tillögu ráðuneytisins, að Grafarvogurinn sé sérstök heild.



Undirritaður telur ekki vera sannfærandi rök fyrir því að stækka friðlýsingarsvæðið og falla frá upphaflegum áformum um friðun Grafarvogs. Eðlilegt er þó að skoða betur hversu langt mörkin eiga að ná upp á land til að hafa jaðarsvæði eins og kemur fram í umsögn NÍ. Eðlilegt er síðan að hugað verði betur að vernd Grafarlækjar í tengslum við gerð skipulags fyrir Keldnalandið.

Lagt er til að umhverfis og skipulagsráð mæli með að haldið verði áfram með þau áform um friðlýsingu Grafarvogs sem lagt var upp með en ráðið leggist gegn tillögu ráðuneytisins um stækkun marka friðlýsingarsvæðisins upp að Grafarlæk.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða

FW: Friðlýsing Grafarvogs.

 Davíð Örnar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
Til  Pórlófur Jónsson
Afrit  Steinar Kaldal;  Guðríður Þorvarðardóttir

Þú framsendir þetta skeyti 4.7.2023 14:58.
Smelltu hér til að sækja myndir. Outlook stöðvaði sjálfvirka niðurhleðslu nokkurra mynda til að verja persónuupplýsingar þínar.

 Grafarvogur_Yfirlit minja við strandlínu.docx
 Umsögn Ní Grafarvogur.pdf

  Svára  Svára öllum  Framsenda 

Þri. 20.6.2023 13:30

Sæll Þórlófur.

Meðfylgjandi er tillaga umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um stækkun svæðis í Grafarvogi sem falla ætti undir friðlýsingu sem unnið er að.

Getur þú sett tillöguna í viðeigandi ferli innan borgarinnar?

Í viðhengi við póstinn er umsögn Náttúrufræðistofnunar og samantekt Minjastofnunar vegna hugmynda ráðuneytisins.

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örnar Hansson
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection Areas



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: www.ust.is/disclaimer

From: Steinar Kaldal <steinar.kaldal@urn.is>
Sent: mánudagur, 19. júní 2023 16:59
To: Davíð Örnar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
Cc: Guðríður Þorvarðardóttir <gudridur.thorvardardottir@urn.is>
Subject: Friðlýsing Grafarvogs.

Sæll Davíð Örnar,

Að beiðni ráðherra sendir ráðuneytið hér tillögu að stækkun marka vegna friðlýsingu Grafarvogs:

Forsendur fyrir stækkun: Ráðherra leggur áherslu á að stækka verndarsvæðið (rauð lína) frá því sem unnið hefur verið með (gul lína) enda svæðið eitt af grænum svæðum í borginni. Með stækkun svæðisins mun það einnig ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu sem eykur við útivistar og fræðslugildi þess og hefur Minjastofnun bent á að taka þurfi tillit til menningarminja.



Tillaga að breyttum mörkum:

- Lagt er til að verndarsvæðið fylgi göngustíg að norðan, en teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. ATH væntanlega þarf þó að skoða betur mörkin með tilliti til tveggja lóða sem þar eru (Funaborg 42 og 44).
- Þá fylgi mörkin göngustíg í átt að Stórhöfða en þar fylgi mörkin lóðamörkum til og með Stórhöfða 45. Þaðan með Stórhöfða að Grafarlæk og mörk síðan með læknum (50-100 m) og síðan með göngustíg.

Athugasemdir:

Austan við Logafold (ekki innan rauðu línu) er skógræktarreitur. Kanna mætti hvort það svæði ætti að vera innan friðlýsingarmarka.

Mögulegar sviðsmyndir:

Sviðsmynd 1. - Allt svæðið verði friðland – og reglur útfærðar yfir á viðbótarsvæðið.

Sviðsmynd 2. – Svæðið skv. tillögu Umhverfisstofnunar verði friðland og viðbótarsvæðið verði fólkvangur. Unnið verði áfram með reglur fyrir friðlandið Grafarvog og sér reglur útfærðar fyrir viðbótarsvæðið með megin áherslu á útivist og fræðslu.

Lagt er til að í samstarfi við Minjastofnun Íslands / borgarminjavörð verði menningarminjar sérstaklega merktar með tilliti til fræðslu og verndunar.

Bkv. Steinar



Steinar Kaldal, sérfræðingur og teymisstjóri náttúru- og minjaverndar / Head of Division and Team Leader for Nature Conservation & Cultural Heritage

Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar / Department of Strategic Planning and Implementation

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

